

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2021, fimmtudaginn 7. janúar, var haldinn 20. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 13.02. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Þorkell Heiðarsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Egill Þór Jónsson, Hallgrímur Eymundsson, Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir, Björgvin Björgvinsson og Hanna Björk Kristinsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundabúnaði: Anna Kristinsdóttir, Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Tómas Ingi Adolfsson, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar. R19120168

Silja Lind Haraldsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

2. Fram fer umræða um aðgengissjóð Reykjavíkurborgar. R20080002

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks fagnar því að stefnt sé að því að setja á laggirnar aðgengissjóð Reykjavíkurborgar til að hvetja til aukins aðgengis að þjónustu einkaaðila eins og kaffihúsa og verslana. Ramminn í kringum verkefnið lítur vel út og telur nefndin mikilvægt að huga að algildri hönnun í heild sinni við stuðning verkefna. Nefndin leggur til að hún verði formlegur undirbúningshópur sjóðsins, en kveðið er á um slíkan hóp í drögum að verklagsreglum, eða þá að öðrum kosti að nefndin vinni að undirbúningi í miklu samráði við undirbúningshóp. Metnaður hefur verið lagður í að setja saman þennan samráðsvettvang með fulltrúum helstu hagsmunaaðila í málefnum fatlaðs fólks og æskilegt þykir að öll sú þekking sem í nefndinni býr og reynsla notenda skili sér í upplýstri ákvarðanatöku um útteilingu úr aðgengissjóði. Að auki telur nefndin viðeigandi að hún fái að skipa fulltrúa í stjórnina úr sínum röðum í sæti fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn. Að öðrum kosti vinni hún náið með fulltrúa Reykjavíkurborgar sem undirbúningshópur.

- Kl. 14.10 tekur Bergþór Heimir Þórðarson sæti á fundinum.

3. Lagt er fram erindi frá velferðarsviði, dags. 15. desember 2020, varðandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, ásamt regludrögum. R21010097

Þóra Kemp tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

4. Lagt er fram erindi frá Auði Björk Kvaran og Þórhildi Rafns Jónsdóttur, dags. 27.11.2020, varðandi aðgengi fyrir alla í félagsmiðstöðvar fyrir unglinga. R20120017
Frestað.

Fundi slitið kl. 15.12

Þorkell Heiðarsson

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Lilja Sveinsdóttir
Björgvin Björgvinsson
Bergþór Heimir Þórðarson

Egill Þór Jónsson
Hanna Björk Kristinsdóttir
Ingólfur Már Magnússon
Hallgrímur Eymundsson